

Áveitan

5. tbl. 5. árgangur. Maí 2011

Leikjanámskeið

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka ætla, í samvinnu við HSK, að halda leikjanámskeið dagana 6. – 16. júní n.k. Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 6 - 12 ára og verður með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Ungmennafélögin í Flóahreppi

Ágætu lesendur-gleðilegt sumar!

Með Áveitunni að þessu sinni fylgir greiðsluseðill vegna áskriftargjalda næsta árið. Seðillinn er aðeins sendur til þeirra áskrifenda sem við á, en þeir sem eru félagar í ungmennafélögunum fá blaðið sent frítt auk allra íbúa í Flóahreppi. Áskriftargjaldið er það sama og í fyrra k. 1.200. Ef einhverjir verða ekki búnir að borga fyrir næstu mánaðamót er litið svo á að þeir hafi ekki hug á að fá blaðið sent lengur.

Að lokum vill ritstjórn hvetja lesendur sína til að taka virkan þátt í þeim fjölbreyttu viðburðum sem verða á dagskrá á sveitahátíðinni okkar „Fjör í Flóa“ í lok maí. Þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Ritstjórn



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Gleðilegt sumar kærur Áveitulesendur

Megi sumarið verða ykkur bæði gjöfult og farsælt.

Nú er tími ársuppgjöra hjá sveitarfélögum og það er ánægjulegt að segja frá því að ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2010 hefur verið samþykktur og undirritaður, að öllum líkindum fyrst sveitarfélaga á Suðurlandi.

Ársreikningurinn var samþykktur 6. apríl s.l. að loknum tveimur umræðum og var rekstarniðurstaða jákvæð um rúmlega 37 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir 13 milljóna króna hagnaði. Niðurstaðan er því mun betri en áætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir stórar framkvæmdir og engar lántökur þeim tengdum. Rekstur sveitarfélagsins skiptist í A og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum eða Aðalsjóð og Eignasjóð.

Til B hluta teljast fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins sem ætlað er að vera fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi Flóahrepps eru vatnsveita og leiguíbúðir. Í samanlögðum A og B hluta eru niðurstöðutölur eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrartekjur	399.575
Rekstargjöld	361.976
Fjármagnsgjöld	356
Rekstrarniðurstaða	37.243
Eigið fé	419.610
Skuldir	138.951
Eignir	558.561

Ársreikningur er í heild sinni á heimasíðu Flóahrepps. Þeir sem hafa áhuga á að fá hann í prentuðu formi geta nálgast eintak á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.

Hækkun bílprófsaldurs

Meirihluti sveitarstjórnar Flóahrepps ályktaði á síðasta fundi um neikvæð áhrif hækkunar á ökuleyfisaldri úr 17 ára í 18 ára aldur fyrir íbúa í dreifbýli

landsins.

Talið er að slík breyting hafi íþyngjandi áhrif á heimili í dreifbýlinu þar sem almenningssamgöngum verður ekki viðkomið.

Lokun skrifstofu

Samþykkt hefur verið að skrifstofa sveitarfélagsins verði framvegis lokuð á föstudögum frá kl. 13.00. Að öllu jöfnu verður þó hægt að ná í sveitarstjóra á netfanginu floahreppur@floahreppur.is

Einnig hefur verið samþykkt að skrifstofan verði lokuð frá 11. júlí til og með 22. júlí vegna sumarleyfa starfsfólks.

Fundartími sveitarstjórnafunda

Sveitarstjórn Flóahrepps er með reglulega fundi fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í Þingborg kl. 20.00.

Efni sem óskað er eftir að tekið verði fyrir á sveitarstjórnarfundum þarf að berast fyrir hádegi síðasta föstudag hvers mánaðar á netfangið

floahreppur@floahreppur.is eða til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfossi.

Fundartími er auglýstur á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is og þar má einnig nálgast upplýsingar um fundarefni tveimur dögum fyrir fundi.

Heimasíða Flóahrepps

Íbúum og velunnurum Flóahrepps er bent á að skoða reglulega heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is þar sem nálgast má það sem hæst ber hverju sinni í Flóahreppi, bæði gaman- og alvörumál. Allt efni, fréttir af mönnum og málefnum, er vel þegið og má senda til sveitarstjóra á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Þjóðaratkvæðagreiðsla

Kjörsókn vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 9. apríl s.l. var 77,3% í Flóahreppi. Kjósendur sem greiddu atkvæði á kjörfundi voru 294 og utankjörfundaratkvæði voru 46. Á kjörskrá voru alls 440 kjósendur. Til samanburðar var kjörsókn á landsvísu 75,3%.

Afréttakort

Hið vinsæla kort af afréttinum milli Þjórsár og Hvítár er nú loksins fánlegt aftur en það hefur verið ófánlegt í mörg undanfarin ár.

Kortið er til sölu á skrifstofu Flóahrepps á kostnaðarverði, 500 kr. pr/stk. Því miður er posi ekki til á staðnum og áhugasömum því bent á að taka með sér seðil eða klink.

Frá Flóaskóla

Síðasti mánuður í kennslu á þessu skólaári er hafinn. Skólaárið hefur liðið hratt eins og svo oft áður og maður veltir því oft fyrir sér hvert tíminn fljúgi eiginlega!

Nemendur munu nú undir lok skólaárs þreyta próf og skila verkefnum. Skólaslit verða í Þjórsárverri þriðjudaginn 31. maí kl. 14:00. Nemendur fá þá afhentan vitnisburð.

Nemendur í 6.-7. bekk fara í lok maí til vikudvalar í Skólalabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Aðrir nemendur ætla að eiga góða daga hér heima í skólanum og fara e.t.v. í vettvangsferðir um okkar nánasta nágrenni. Umhverfið við skólann er oft nýtilegt í kennslu. Nýja malbikið við skólann er einmitt vinsælt þessa dagana enda hægt að nota litríkar krítar til að gera París, teikna myndir og fá útrás fyrir listræna tilburði og hreyfipörf í góða veðrinu ☺.

Skólamyndir verða teknar af öllum bekkjum nú í byrjun mánaðar en í skólanum er að verða til skemmtilegt safn af bekkjarmyndum síðustu ára.

Skólaráð Flóaskóla, ungmennafélögin í Flóahreppi og Æskulýðs- og tólmstundanevnd Flóahrepps stóðu nýverið fyrir ungmennahringi í skólanum fyrir nemendur í 7.-9. bekk. Ungmennahringinu var ætlað að fá skoðanir og álit unglínganna á æskulýðs- og tólmstundamálum í sveitarfélaginu, hvernig best er hægt að sinna þeim og hvernig samstarfi þessara aðila getur best verið háttað. Samantekt um ungmennahringið verður fljótlega tilbúin og fróðlegt að fá niðurstöður úr þessu skemmtilega þingi.

Skólaslit Tónlistarskóla Árneseinga verða þriðjudaginn 17. maí fyrir þá nemendur tónlistarskólans sem stunda nám sitt í Flóaskóla. Skólaslitin hefjast kl. 16 í Þjórsárveri.

Undanfarna daga hafa staðið yfir viðtöl við umsækjendur um laus störf við skólann en ríflega 20 umsóknir bárust um 3-4 stöðugildi í kennslu. Reynt verður að ganga frá öllum ráðningum hið fyrsta til að hægt sé að ljúka vinnu við stundaskrár næsta skólaárs fyrir skólalok í vor. Nemendum fjölgar jafnt og þétt vegna stækkunar skólans en næsta haust byrja 10. bekkingar í skólanum í fyrsta skipti. Skólinn er þá fullvaxinn ef svo má að orði komast. Auk þess hafa nýir nemendur verið skráðir inn í skólann sl. daga og útlit fyrir nokkra fjölgun nemenda í yngstu deild skólans. Auk þess að skipuleggja starfsmannamál og stundaskrár stendur yfir lokavinna við skólalagatal, námskrár, valgreinar og starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2011-2012.

Flóaskóli ætlar að hafa opið hús sunnudaginn 29. maí á „Fjör í Flóa“. Þá gefst gestum kostur á að skoða sýningu á verkum nemenda, kynna sér húsakost skólans og fá upplýsingar um skólastarfið.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

kristin@floaskoli.is, gsm 663-5720.

Tækjalisti Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps vorið 2011

Tæki	Leiga	Umsjónarmaður
Diskaherfi	2700 kr/ha	Bragi Selparti sími: 6996566
Samson dreifari	2200 kr/klst	
Vendiplógur	2200 kr/ha	
Lítill valtari	500 kr/ha	
Stór valtari	1000 kr/ha	Þorsteinn Syðri-Velli sími: 4863377
Hnífaherfi	1800 kr/ha	
Hestakerra	1500 kr/klst	
Talía og gálgi	ekkert gjald	
Haugsuga	1500 kr/klst	Bárður Hólshúsum sími: 8686758
Fjaðraherfi	1800 kr/klst	
Pinnatætari	2200 kr/klst	
Haughræra	2000 kr/klst	Bjarni Syðri Gróf sími: 8463411

Til sölu er hestakerra í eigu Búnaðarfélagsins. Þarfnast lagfæringar. Upplýsingar gefur Bárður Hólshúsum í síma 8686758.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps.

Fundur verður á loftinu í Félagslundi fimmtudagskvöldið 5. maí kl. 20.30. Ræðum Fjör í Flóa og fleira. Tökum með okkur handavinnu eða eitthvað annað skemmtilegt, t.d. góða brandara til að skemmta okkur með, en umfram allt-góða skapið! Mætum allar!

Stjórnin.

Úrslit af Þingborgarmóti 1. maí 2011

Langstökk án atr. hnokkar 10 ára og yngri

1. Sigurður Bogans	Vaka	1,78 m
2. Sæþór Atlason	Vaka	1,72 m
3. Hugi Snær Jónsson	Baldur	1,66 m
4. Ásgrímur Ö. Jónasson	Skeið	1,47 m
5. Unnsteinn Reynisson	Vaka	1,46 m
6. Elías Örn Jónsson	Baldur	1,43 m
7. Hjalti Geir Jónsson	Vaka	1,24 m
8. Sigurjón Reynisson	Vaka	1,21 m
9. Helgi Reynisson	Vaka	0,68 m

Langstökk án atr. strákar 11-12 ára

1. Ýmir Atlason	Vaka	2,05 m
2. Stefán Narfi Bjarnason	Baldur	1,88 m

Langstökk án atr. Stelpur 11-12 ára

1. Eyrún Gautadóttir	Baldur	1,98 m
2. Sunna Skeggjadóttir	Baldur	1,97 m
3. Sigríður Lára Jónsdóttir	Skeið	1,68 m
4. Dísa Björk Birgisdóttir	Skeið	1,42 m

Langstökk án atr. Piltar 13-14 ára

1. Jón Þór Pálsson	Vaka	2,31 m
2. Jóann Páll Smáráson	Vaka	1,95 m

Langstökk án atr. sveina 15-16 ára

1. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	2,04 m
--------------------------	------	--------

Hástökk strákar 11-12 ára

1. Stefán Narfi Bjarnason	Baldur	1,15 m
2. Ýmir Atlason	Vaka	1,05 m

Hástökk Stelpur 11-12 ára

1. Sunna Skeggjadóttir	Baldur	1,15 m
2. Eyrún Gautadóttir	Baldur	1,15 m

3. Dísra Björk Birgisdóttir Skeið 1,00 m

Hástökk piltar 13-14 ára

1. Jón Þór Pálsson Vaka 1,45 m
2. Jóann Páll Smáráson Vaka 1,15 m

Hástökk sveinar 15-16 ára

1. Sveinn Orri Einarsson Vaka 1,00 m

Kúluvarp Hnokkar 10 ára og yngri

1. Sigurður Bogans Vaka 6,79 m
2. Ásgrímur Ö. Jónasson Skeið 5,16 m
3. Hugi Snær Jónsson Baldur 4,96 m
4. Sæþór Atlason Vaka 4,81 m
5. Unnsteinn Reynisson Vaka 4,54 m
6. Elías Örn Jónsson Baldur 3,65 m
7. Sigurjón Reynisson Vaka 2,10 m
8. Hjalti Geir Jónsson Vaka 1,54 m

Kúluvarp Hnátur 10 ára og yngri

1. Kolfinna Magnúsdóttir Baldur 4,82 m
2. Viðja Ágústsdóttir Baldur 4,70 m
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir Vaka 4,04 m
4. Sigrún Stefánsdóttir Samhygð 3,80 m
5. Elizabeth K. Bogans Vaka 3,17 m

Kúluvarp strákar 11-12 ár

1. Stefán Narfi Bjarnason Baldur 8,66 m
2. Ýmir Atlason Vaka 7,27 m

Kúluvarp Stelpur 11-12 ára

1. Sunna Skeggjadóttir Baldur 7,42 m
2. Eyrún Gautadóttir Baldur 5,97 m
3. Dísra Björk Birgisdóttir Skeið 5,68 m
4. Sigríður Lára Jónsdóttir Skeið 5,27 m

Kúluvarp Piltar 13-14 ára

1. Jón Þór Pálsson	Vaka	8,78 m
2. Jóann Páll Smáráson	Vaka	6,98 m

Kúluvarp sveina 15-16 ára

1. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	9,57 m
--------------------------	------	--------

Þrístökk án atr. Piltar 13-14 ára

1. Jón Þór Pálsson	Vaka	5,83 m
2. Jóann Páll Smáráson	Vaka	4,92 m

Þrístökk án atr. sveina 15-16 ára

1. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	5,29 m
--------------------------	------	--------

Stigakeppni félaga endaði þannig:

Vaka	118 stig
Baldur	82 stig
Skeiðamenn	28 stig
Samhygð	7 stig

Reiðhjól óskast keypt

Óskum eftir að kaupa notuð en vel með farin reiðhjól fyrir ca 6 og 8 ára stráka.

Fanney, s 486-3345/892-4155

**Hálmur til sölu.
Bragi Selpartí 6996566**

Stóðhestur

Tígull frá Gýgjarhóli IS1996157330 verður í húsnotkun að Vatnsholti I.

Upplýsingar í síma 486-3404 eða 892-0373 (Erling).

Bowen

Er með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið) Flóahrepp á Þriðjudögum og fimmtudögum. Annar tími eftir samkomulagi.

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

Fjör í Flóa

Ef einhver á smádýr sem hann vill hafa til sýnis á Fjör í Flóa í Þingborg er hægt að hafa samband við Ingu, húsvörð í Þingborg sími 691-7082. Munið að taka helgina frá, dagskrá verður nánar auglýst síðar.

Flóamarkaður á Fjör í Flóa

Eins og fram hefur komið verður Kvenfélag Villingaholtshrepps með Flóamarkað á Fjör í Flóa. Fólk er beðið að hafa okkur í huga við vortiltektina, er ekki eitthvað sem þið ætlið að henda en aðrir vilja kaupa? Hægt er að koma með muni á markaðinn í Þjórásarver fyrir hádegi virka daga. Einnig býður Aðalheiður í Vatnsholti upp á að sækja hlutina heim sé þess óskað. Síminn hjá henni er 486-3404. Allur ágóði af markaðinum mun renna óskiptur til góðra málefna.

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Gaulverjabæjarmál, hver þekkir til þeirra?

Margt er það sem rekur á fjörur sagnfræðinnar og upp á síðkastið hef ég tekið mér fyrir hendur að rannsaka hin svokölluðu Gaulverjabæjarmál sem urðu orsakir málaferla á sínum tíma. Ekki misskilja þetta, Valdimar í Bæ er hinn mesti heiðursmaður og þessu alveg óviðkomandi. Nú um stundir er daglega verið að fletta ofan alls konar misyndismönnum í fjármálum en þau Gaulverjabæjarmálsem ég er að skoða gerðust fyrir 100 árum. Samt er engu líkara en þeir fjármálamenn sem þar komu við sögu hafi verið fyrirmynd útrásarvíkinga nútímans.

Í stuttu máli fjalla Gaulverjabæjarmálin um tvo menn, Jón Magnússon kaupmann, sem gerðist bóndi í Gaulverjabæ 1909-1914 og Björn Gíslason (föðurbróður Gylfa Þ. Gíslasonar ráðherra) sem var þar viðloðandi seinni hlutann af búskapar-tíð Jóns, tók svo við búsför ráðum og var að lokum borinn þaðan út með hreppstjóralvaldi vorið 1915. Lagsbróðir þessara manna var Erasmus Gíslason sem þá hélt til á Vestri-Loftsstöðum, bróðir Ragnhildar húsfreyju þar. Þessir menn stunduðu þá fjáröflunaraðferð að heimsækja helstu efnabændur héraðsins, gefa þeim í staupinu og biðja þá svo að skrifa nafnið sitt á pappíra, víxla og skulda-bréf. Margir hrekklausir bændur létu ginnast af fagurgala þessara manna og hlutu fjárhagslegan skell fyrir bragðið. Dæmi eru um menn sem misstu jarðir sínar og eignir og urðu gjaldþrota. Þó langt sé um liðið lifa enn í munnmælum ýmsar sagnir um þessa menn og þeirra tiltektir. Ýmislegt er til ídómabókum sýslunnar en málaferli segja ekki alla söguna.

Um þessi mál var skrifuð skáldsaga á sínum tíma sem nefnist Í skugga Glæsibæjar. Ef vel gengur gætu þær upplýsingar sem ég er að leita eftir orðið uppistaða í bók um þessi mál sem á sínum tíma vöktu athygli allra landsmanna en hafa af ýmsum ástæðum aldrei verið krufin til mergjar. Nú, þegar heil öld er liðin, gæti verið tímabært að segja þessa sögu sem teygði anga sína um allt Suðurland en ekki hvað síst um Flóann.

Þess vegna leita ég til ykkar ágætu Flóamenn, einkum þeirra af eldri kynslóðinni. Allt sem þið kunnið að hafa heyrt um þessi mál, hversu smávægilegt sem það virðist, væri mikils virði að fá að heyra af. Þess vegna bið ég ykkur sem kunnið að búa yfir slíkri vitneskju að taka upp símann og hringja í síma 861-6678 og égmun svara. Einnig má senda póst á jonm@umfi.is. Bestu þakkir fyrir fram.

Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli

Frá Villingaholtskirkju

Áður auglýst guðsþjónusta þann 8. maí verður felld niður. Í stað hennar verður barna-og fjölskylduguðsþjónusta hjá sr. Óskari Hafsteini Óskarssyni haldin í **Gaulverjabæjarkirkju laugardaginn 28. maí kl. 12.00**. Eftir guðsþjónustu verður kirkjugestum boðið upp á grillaðar pylsur í boði Villingaholtskirkju. **ATHUGIÐ** að athöfnin verður í **Gaulverjabæjarkirkju**. Nánar auglýst þegar nær dregur og í dagskrá Fjörs í Flóa.

f.h. sóknarnefndar Villingaholtskirkju
Sólveig Þórðardóttir

Harmonikkuball

Harmonikkuball verður í Básnum í Ölfusi laugardaginn 14. maí kl 22:00-02:00. Gömlu og nýju dansarnir. Allir velkomnir.

Harmonikkufélagið

Frá UMF Baldri:

Vorfundur

Vorfundur UMF Baldurs verður haldinn mánudagskvöldið 16. maí klukkan 20:30 í Þingborg. Meðal þess sem verður rætt er sumarstarfið s.s. útreiðatúr, útilegu, Fjör í Flóa og margt fleira. Ef þig langar að hafa áhrif á hvað Umf. Baldur gerir í sumar mættu á fundinn og segðu þína skoðun.

Reiðtúr

Stjórn Umf. Baldurs ætlar að reyna að hafa reiðtúr upp í Einbúa líkt og gert hefur verið síðustu 2 ár. Dagsetning er ekki ljós en verður rædd frekar á vorfundi félagsins þann 16. maí.

Hreinsunardagur í Einbúa

Stefnt er að halda hreinsunardag í Einbúa líkt og undanfarin ár í byrjun júní, fyrir 17. júní, þar sem verður haldið áfram að hlúa að okkar glæsilega útivistar- og íþróttasvæði. Nánar auglýst síðar.

Páskahraðskákmót Umf. Baldurs

Að kvöldi föstudagsins langa, þann 22. apríl síðastliðin hélt Umf. Baldur fyrsta páskahraðskákmótið síðan snemma á síðasta áratug. Nú er mótið orðið opið öllum þeim skákáhugamönnum sem vilja hvort sem þeir eru í Umf Baldri eður ei. Það er skemmst frá að segja að mótið tókst vel og mættu 11 skákáhugamenn á öllum aldri á mótið og telfdu allir við alla og höfðu gaman að.

Að lokum fór svo að þeir 3 aðilar sem komu að annars staðar en úr sveitinni röðuðu sér í 3 efstu sætin. Úrslit fóru annars svo:

Magnús Matthíasson	10 vinningar
Erlingur A. Pálmarsson	9 vinningar
Þorvaldur Siggason	8 vinningar
Skeggi Gunnarsson	7 vinningar
Harpa Hreggviðsdóttir	6 vinningar
Sunna Skeggjadóttir	5 vinningar
Hjördís Björg Viðjudóttir	3 vinningar

Agnes Björg Birgisdóttir	2 og ½ vinningar
Guðmundur Bjarnason	2 vinningar
Þórunn Ösp Jónasardóttir	1 og ½ vinningar
Elsa Jónasardóttir	1 vinningur

Fréttir

Nú styttest verulega í sumarið. Fyrri hluta sumars verður nóg að gera hjá félaginu eins og venjulega. Við verðum með eitthvað gaman á Fjör í Flóa að venju í lok maí. Þá er stefnt á útreiðatúr í mailok eða byrjun júní. Síðan er náttúrulega 17. júní á sínum stað og fyrir hann verður að venju hisst í Einbúa með sláttuvélar að vopni og slegið og gert fint fyrir þjóðhátíðardaginn.

Íþróttæfingar fara af stað í byrjun júní og Umf. Baldur ætlar líkt og undangengin ár að sameinast nágrönnum sínum í Vöku og Samhygð um leikjanámskeið í byrjun júní. Allt þetta og meira til verður hægt að forvitnast um á vorkundi félagsins þann 16. maí.

Síðan að lokum er minnt á það að hægt er að kaupa þorrablótsannálinn hjá Baldri Gauta. Og einnig er minnt á ljósmyndir af starfinu. Þá er ennþá hægt að fá eintök af Huginn. Endilega hafið samband ef þið hafið áhuga á þessu.

Minnt er á heimasíðuna <http://umfbaldurhraung.weebly.com> og einnig erum við á Facebook undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Að lokum er bent á netfangið umfbaldurhraung@gmail.com

Frá Umf. Vöku:

Grill-reiptog-ball

Það verður þétt dagskrá í boði Umf. Vöku í Þjórsárveri föstudagskvöldið 27. maí í tilefni Fjörs í Flóa. Kvöldið hefst klukkan 20:30 en þá verður orðið heitt í kolunum við aðstöðuhúsið þar sem fólk getur komið og grillað saman og haft gaman. Þegar allir eru búnir að borða nægju sína verður létt skemmtiatriði í boði Leikdeildar Vöku og svo tekur við hin sí vinsæla reiptogskeppni auk þess sem steðjinn frægi verður á staðnum.

Höfðingjar reiptogslíðana í ár eru ekki í lakari kantinum en á öðrum endanum mun **Siggi í Hamarskoti**, nýkrýndur fyndnasti maður Suðurlands, halda í spottann ásamt vösku liði sínu. Á hinum endanum mun **Ágúst á Langsstöðum** standa vaktina með sínu liði en hann er gamalreyndur kappi í bransanum og hefur tekið þátt í reiptoginu öll árin frá upphafi. Haft er eftir Ágústi að hann ætli að bæta gullpeningi í safnið í ár svo Siggi mun svo sannarlega þurfa að hafa fyrir hlutunum. Í ár mun koma í ljós hvort hefur meira vægi þegar kemur að reiptogi, reynsla eða glens. Eitt er víst að sá hlær best sem síðast hlær! Reglurnar í reiptoginu eru gamalkunnar: 8 í liði, minnst tvær konur og minnst tveir úr hverjum gömlu hreppanna. Allir keppendur verða að hafa lögheimili og fasta búsetu í hreppnum.

Að lokinni útidagskrá er tilvalið að koma börnunum heim í bólið því þá hefst gamaldags pokaball í Þjórsárveri. Hljómsveitin Stuðlabandið mun halda uppi fjörinu eins og þeim einum er lagið en þeir hafa spilað víða við góðan orðstýr og þar á meðal á þorrablótinu í Þingborg síðustu ár. Húsið opnar strax að loknu reiptogi og kostar 2000 kr inn á ballið sem mun standa fram eftir nóttu. Við hjá Ungmennafélaginu Vöku vonumst til að sjá sem flesta þetta skemmtilega kvöld, unga sem aldna.

Leikrit til sölu

Við minnum á að upptaka af leikverkum vetrarins hjá leikdeild Umf. Vöku eru til sölu hjá Guðmundu formanni. Eintakið kostar 1500 kr.

Víðavangshlaup Umf. Vöku

fór fram á bökkum Þjórsár laugardaginn fyrir páska, 23. apríl síðastliðinn. Úrslit hlaupsins urðu eftirfarandi:

1.	Haraldur Einarsson	5:23 mín
2.	Sveinn Orri Einarsson	5:54 mín
3.	Halldór Bjarnason	6:10 mín
4.	Víkingur Freyr Erlingsson	6:27 mín
5.	Þorgils Kári Sigurðsson	6:36 mín
6.	Sólveig Jóhannesdóttir Larsen	7:01 mín
7.	Þórunn Elva Bjarkadóttir	7:19 mín
8.	Helga Björg Helgadóttir	7:40 mín
9.	Dagur Fannar Einarsson	8:10 mín
10.	Ægir Atlason	8:35 mín
11.	Ýmir Atlason	8:38 mín
12.	Axel Pálsson	8:41 mín
13.	Sæþór Atlason	9:05 mín
14.	Margrét Ósk Ingjaldsdóttir	9:29 mín
15.	Sigurður Bogans	9:56 mín
16.	Unnsteinn Reynirsson	10:17 mín
17.	Einar Gíslason	10:35 mín
18.	Margrét Gísladóttir	10:40 mín
19.	Gísli Einarsson	10:41 mín
20.	Soffía Náttól Andradóttir	11:31 mín
21.	Andri Þór Erlingsson	11:31 mín
22.	Íris Pálsdóttir	11:38 mín
23.	Eyrún Ólafsdóttir	11:39 mín
24.	Martha Brynjólfsdóttir	12:09 mín
25.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	12:22 mín
26.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	12:33 mín
27.	Daði Kolviður Einarsson	12:57 mín
28.	Lilja Böðvarsdóttir	12:58 mín
29.	Anna Guðbergsdóttir	13:03 mín
30.	Hjalti Geir Jónsson	13:07 mín
31.	Jón Valgeir Geirsson	13:08 mín
32.	Sigurjón Reynisson	13:26 mín
33.	Jón Finnur Ólafsson	13:32 mín
34.	Ólafur Þór Jónsson	13:33 mín
35.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	13:34 mín
36.	Kristófer Máni Andrason	13:43 mín
37.	Hulda Kristjánsdóttir	13:43 mín
38.	Kristján Gestsson	13:43 mín
39.	Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir	13:49 mín
40.	Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	13:49 mín
41.	Guðsteinn Frosti Hermundsson	13:49 mín

42. Elizabeth Karen Bogans	13:50 mín
43. Kristín Sigurðardóttir	13:57 mín
44. Sunna Kristín Gísladóttir	14:25 mín
45. Birna Sigurðardóttir	14:25 mín
46. Valgerður Gestsdóttir	14:27 mín
47. Aldís Tanja Söndrudóttir	15:00 mín
48. Embla María Böðvarsdóttir	15:35 mín
49. Nökkvi Marel Böðvarsson	15:35 mín
50. Agnes Þorsteinsdóttir	15:35 mín
51. Sigmar Örn Aðalsteinsson	15:35 mín
52. Þóra Björk Sigurðardóttir	15:53 mín
53. Unnur Bjarkadóttir	15:53 mín
54. Bjarnfríður Laufey Guðsteinsdóttir	16:01 mín
55. Kristín Björk Ólafsdóttir	16:01 mín
56. Kristín Tómasdóttir	16:01 mín
57. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	16:39 mín
58. Higrún Svala Guðjónsdóttir	16:39 mín
59. Guðjón Birgir Þórisson	16:39 mín
60. Helgi Reynisson	16:53 mín
61. Fanney Ólafsdóttir	16:53 mín
62. Kristín Stefánsdóttir	16:53 mín
63. Arnór Leví Sigmarsson	17:20 mín
64. Sveinn Þórarinsson	17:20 mín
65. Aðalsteinn Sveinsson	17:20 mín

Úrslit úr Flóahlaupi

Flóahlaupið fór fram 9. apríl í heldur óskemmtulegu veðri en hlauparar létu það ekki stoppa sig og alls hlupu 88 manns sem er litlu minna en undanfarin ár.

Helstu úrslit urðu þessi en heildarúrslit má finna á hlaup.is.

Heildarúrslit 3 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	12:16	Reynir Zoëga Geirsson	1999	Breiðablik
2	14:01	Hlín Heiðarsdóttir	1999	Fjölknir
3	14:02	Vilhelmína Óskarsdóttir	1998	Fjölknir

Heildarúrslit 5 km

1	17:55	Kristinn Þór Kristinsson	1989	Samhygð
2	21:22	Hrönn Guðmundsdóttir	1965	ÍR
3	23:34	Ásgeir Þór Eiríksson	1959	ÍR

Heildarúrslit 10 km

1	35:59	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	1973	HSP
2	36:09	Tómas Zoëga Geirsson	1993	Breiðablik
3.	39:14	Bjartmar Birgisson	1964	ÍR

Að loknu hlaupi var svo drukkið kaffi og veitt verðlaun í Félagslundu.

Fjölmargir lögðu lið við framkvæmd hlaupsins og kann Samhygð þeim öllum hinar bestu þakkir fyrir en eftirtaldir styrktu hlaupið:

Styrktarlínur gáfu:

Fossvélar
G. Tyrfingsson
Kjörís

Vörur gáfu:

MS Selfossi
HP Flatkökur

Verðlaun gáfu

Fossdekk
LögmenntSuðurlandi ehf.
Frískir Flóamenn
Flóahreppur
Tryggingamiðstöðin
Sundhöll Selfoss

Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps:

Tæki í umsjá Bjarna í Gróf, s 846-3411

Hnífataetari	1.800 kr/klst
Plógur 4skeri	2.500 kr/ha
Fjaðraherfi	1.500 kr/ha
Haugsguga	1.800 kr/klst
Haughræra	1.000 kr/klst

Tæki í umsjá Kristjáns í Forsæti, s 862-7532

Hagasláttuvél	2.000 kr/klst
Sturtuvagn	5000 kr/dag eða 2.500 kr/hálfur dagur
Steypuhrærivél	200 kr/poki en hámark 6000 kr/dag
Flaghefill	500 kr/klst
Málningarsprauta	500 kr/klst
Topplyklasett	Frítt

Tæki í umsjá Reynis á Hurðarbaki, s 898-0929

Pinnataetari	2.500 kr/ha
Plógur 5skeri	3.000 kr/ha
Valtari	1.500 kr/ha
Sáðvél	2.000 kr/ha
Staurabor	500 kr/klst
Þvottatæki	1.500 kr/dag

Stjórn Búnaðarfélags Villingaholtshrepps hvetur félagsmenn og aðra til notkunnar á tækjum félagsins á komandi vikum og mánuðum nú þegar vora tekur. Jafnframt hvetur stjórnin bændur til að nýta sér þá góðu þjónustu sem Skarni ehf. býður upp á við dreifingu/ niðurfellingu búfjáraburðar, en Búnaðarfélagið er hluthafi í Skarna. Síminn er 898 9154 (Davíð).

Stjórn Bnf. Vill.

Glímufréttir

Glímuæfingatímabilinu er lokið þennan veturinn en síðasta æfingin var 18. apríl. Okkar folk er þó hvergi nærri hætt þetta vorið því nú standa fyrir dýrum tvær glímusýningar. Annars vegar á sunnlenska sveitadeginum 7, maí á Selfossi og svo á Fjöri í Flóa en það verður nánar auglýst síðar.

Úrslit af Grunnskólamóti Íslands og Sveitaglímu 16 ára og yngri sem haldið var á Reyðarfirði 2. apríl.

7. bekkur stúlkna

2.-3. Hann Kristín Ólafsdóttir Flóaskóla

8. bekkur stúlkna

1. Guðrún Inga Helgadóttir Flóaskóla (keppti sem gestur í 9. bekk)

10. bekkur stúlkna


1. Marín Laufey Davíðsdóttir Vallaskóla

7. bekkur drengja

2. Þorgils Kári Sigurðsson

Jón Gunnþór Þorsteinsson gat ekki lokið keppni sökum meiðsla.

Þorgils og Jón kepptu í sveitaglíma og hafnaði þeirra sveit í 2. sæti.



Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.

Nýsmíði, viðhald, breytingar.

Erum með traktors- og beltagröfu.

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

Dagskrá mánaðarins

Æfing eldri	3. maí
Æfing yngri	4. maí
Fundur Kvenfélag Gaulv.	5. maí
Æfing eldri	10. maí
Æfing yngri	11. maí
Harmonikkuball í Básnum	14. maí
Vorfundur Umf. Baldurs	16. maí
Æfing eldri	17. maí
Æfing yngri	18. maí
Æfing eldri	24. maí
Æfing yngri	25. maí
Fjör í Flóa	27-29. maí
Skólaslit Flóaskóla	31. maí
Leikjanámskeið	6. –16. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160